

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Flóahverfis – Lækjarflói 10A.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 13. október 2020 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis vegna lóðar nr. 10A við Lækjarflóa. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits, nýtingarhlutfall er óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis, 4. áfangi – Asparskógar 1, 3 og 5.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 13. október 2020 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 4. áfanga, vegna lóða nr. 1, 2 og 3 við Asparskóga. Breytingin felst m.a. í að suðaustur-lóðamörk lóða við Asparskóga 1, 3, 5 og 7 eru færð um 4 m og verða við akbrautarkant. Nýtingarhlutfall er lækkað vegna stækkunar lóða og miðast við óbreytt byggingarmagn. Hámarksvegg hæð húsa með einhalla þaki á lóðum nr. 1, 3, 5 og 7 við Asparskóga má vera 7,5 m yfir gólfkóta 1. hæðar. Veitt er undanþága um að svalagangar verði heimilaðir á lóð nr. 3 við Asparskóga. Gerð er breyting á skilmálum við kafla 2.2.2. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis, 2. áfangi – Baugalundur 4.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 13. október 2020 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 2. áfanga, vegna Baugalundar 4. Breytingin felur í sér hækkun á nýtingarhlutfalli lóðarinnar úr 0,35 í 0,42. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis, 1. áfangi – Asparskógar 6.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 13. október 2020 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 1. áfanga, vegna Asparskóga 6. Breytingin felst í að skilmálum er breytt og heimilt verður að íbúðir þurfa ekki að hafa gegnumgang. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 21. október 2020.

Sigurður P. Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2020